



Fundargerð 72. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.
Haldinn Mánudaginn 22. maí 2023, kl. 13:30 í fundarsal SSS.

Mætt eru: Fannar Jónasson, Kjartan Már Kjartansson, Gunnar Axel Axelsson, Sigrún Ásta Elefsen, Árni Sigfússon, Magnús Stefánsson og Arnbjörn Ólafsson.

Forföll: Berglind Kristinsdóttir, Hanna María Kristjánsdóttir og Jóhann Snorri Sigurbergsson.

Starfsmenn: Daníel Einarsson sem ritaði fundargerð

Dagskrá fundarins:

1. Gunnuhver – lagfæringar á aðgengi

Verkefnastjóri kynnti framkvæmdaráætlun og áætlaðan kostnað við viðhald og lagfæringar v. aðgengi við Gunnuhver. Framkvæmdar- og kostnaðaráætlun samþykkt samhljóða. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 600.000 kr.

2. Gestastofa Reykjanes Geopark í Kvikunni – Staðan

Kynnt voru drög að samningi um sýningarhönnun fyrir gestastofu RGP í Kvikunni, Grindavík. Verkefnastjóra og formanni falið að ljúka við gerð samningsins. Þá var einnig gert grein fyrir stöðu verkefnisins.

Heildarkostnaður sýningarinnar er áætlað 85 m.kr.

Framlag Reykjanes Geopark til verkefnisins eru 25 m.kr.

3. Úttekt RGP 2023

Verkefnastjóri tilkynnti dagsetningarnar sem úttektin mun fara fram. En hún fer fram dagana 26-30. Júní 2023 og dagskrá er í mótun.

Önnur mál

- 1. Lagt var til að Reykjanes jarðvangur greiði þátttökugjald stjórnarmanna á Geopark ráðstefnu í Morocco í september 2023.**

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:02